

Gjaldskrá

fyrir notkun rafmagns í Borgarneshreppi.

1. gr.

Verð á rafmagni til ljósa í íbúðarhúsum skal vera fyrir hverja kilowatt-stund kr. 2,50.

Í verslunarhúsum, skólum, samkomuhúsum, vinnustofum, sláturhúsum, götuljósum og öðrum þeim húsum, sem venjulega nota ekki ljós lengur en til kl. 8 síðd. daglega, sal vera fyrir hverja kilowatt-stund kr. 3,50.

Árlegt gjald af kilowattmælum hreppsins greiðist með 10% af kaupverði þeirra.

Hreppsnefndin ákveður í júní ár hvert, hvaða hús í hreppnum, heyri undir hvorn lið í gjaldskrá þessari.

Einnig hefir hún heimild til að færa gjöld þessi niður, ef steinolía lækkar í verði.

2. gr.

Verð á rafmagni til suðu hitunar eða til vjelareksturs verður ákveðið með sjerstökum samningi fyrir hvern sjerstakan notanda, verði á annað borð nokkurt rafmagn selt til slíkrar notkunar.

3. gr.

Árið reiknast frá nýári til nýárs og ljósgjaldið greiðist eftir hvern mánuð sem og gjald fyrir mæla. Taka má gjöldin lögtaki.

Húseigandi ber ábyrgð á því, að gjöldin sjeu greidd í tæka tíð.

Gjaldskrá þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóvember 1915, um rafmagnsveitur, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 23. júní 1920.

Í fjarveru ráðherrans.

Þoddur Hermannsson.

Vígfús Einarsson.